

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 128/2025

frá 13. júní 2025

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/350 frá 21. febrúar 2025 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/351 frá 21. febrúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, um breytingu á reglugerð (ESB) 2022/1616 um efniviði og hluti úr endurunnu plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 282/2008 og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2023/2006 um góða framleiðsluhætti að því er varðar efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli að því er varðar endurunnið plast og önnur mál sem varða gæðaeftirlit og framleiðslu á efniviðum og hlutum úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópu-bandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/350, 24.2.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/350/oj>

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/351, 24.2.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/351/oj>

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2023/2006) og 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011):

„– **32025 R 0351**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/351 frá 21. febrúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/351, 24.2.2025).“

2. Eftirfarandi er bætt við 56. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1616):

„, breytt með:

– **32025 R 0351**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/351 frá 21. febrúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/351, 24.2.2025).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 264. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/167):

„265. **32025 R 0350**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/350 frá 21. febrúar 2025 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L, 2025/350, 24.2.2025).“

2. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2025/350 og (ESB) 2025/351, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.